


Vefrit fjármálaráðuneytisins

22. mars 2007

Ný könnun um stöðu og framtíðarhorfur fyrirtækja

Niðurstöður nýrrar könnunar um stöðu og framtíðarhorfur stærstu fyrirtækja á Íslandi liggja nú fyrir. Könnunin er samstarfsverkefni fjármálaráðuneytisins, Seðlabanka Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem Capacent Gallup framkvæmir. Könnunin fór fram á tímabilinu 2. til 28. febrúar og svarhlutfall var 68%. Alls tók 251 fyrirtæki þátt í könnuninni í en í endanlegu úrtaki voru 392 fyrirtæki.

Mikill meirihluti forráðamanna fyrirtækjanna telur aðstæður í efnahagslífinu fara batnandi eða tæp 80% aðspurðra og aðeins tæplega 3% telja þær verri. Vísitala efnahagslífsins mælist 193 stig nú sem er sama tala og í desember 2006 en í september það ár mældist hún 173 stig. Hlutfall þeirra sem telja aðstæður í efnahagslífinu betri hefur því hækkað á síðustu mánuðum og er enn mjög hátt. Fyrirtæki í samgöngum, flutningum og þjónustu, bygginga starfsemi og veitum og í sérhæfðri þjónustu eru bjartsýnust á ástandið í efnahagslífinu.



Almennt virðist bjartsýnin hafa aukist hjá forráðamönnum fyrirtækja um horfur í efnahagslífinu á næstu sex mánuðum. Vísitala efnahagslífsins fyrir sex mánuði mælist nú 118 stig en var 112 stig í september 2006. Bjartsýnin virðist minnka lítillega fyrir næstu 12 mánuði en vísitala efnahagslífsins fyrir 12 mánuði mælist nú 110 stig en mældist 128 stig í síðustu könnun. Hlutfall þeirra sem telja að aðstæður batni á næstu 6 til 12 mánuðum helst óbreytt frá síðustu mælingu en órlítill fjölgun hefur verið hjá þeim forráðamönnum sem telja að ástandið versni, sem útskýrir lækkunina í vísitölunni. Ef borin eru saman viðhorf forráðamanna fyrirtækja í mismunandi starfsemi eru það helst fyrirtæki í verslun og bygginga starfsemi og veitum sem eru bjartsýnni en fyrirtæki í sjávarútvegi og samgöngum, flutningum og ferðaþjónustu sem eru svartsýnni. Ef litid er á mun milli fyrirtækja sem selja vörur eða þjónustu til útlanda virðist sem bjartsýni um ástandið í efnahagslífinu á næstu 6 til 12 mánuðum sé mun meiri hjá forráðamönnum fyrirtækja sem selja vöru og þjónustu innanlands en hjá þeim sem selja vöru og þjónustu til útlanda. Vísitalan fyrir þá sem ekki selja vöru og þjónustu mældist nú 130 stig en aðeins 96 stig fyrir þá sem selja vöru og þjónustu til útlanda.

Íslenskir ellilífeyrisþegar standa vel miðað við hin Norðurlöndin samkvæmt OECD

Í skýrslu frá OECD, „Pensions at a glance“, eru teknir saman mælikvarðar um stöðu ellilífeyrisþega. Í skýrslunni er ellilífeyrir í hverju landi sýndur sem hlutfall af launum verkamanns sem vinnur í 45 ár. Mælikvörðunum er skipt í þrennt, þ.e. hlutfall af lægri launum, meðallaunum og hærri launum verkamanns. Þess ber að geta að séreignarsparnaður er ekki tekinn með í tölum OECD. Fróðlegt er að taka sérstaklega út Norðurlöndin til samanburðar þar sem lífskjör og lífslíkur eru svipaðar. Eftirfarandi tafla sýnir hlutfall ellilífeyris af tekjum verkamanns eftir skatta á Norðurlöndunum.

Eins og sést í töflunni eru íslenskir ellilífeyrisþegar um og yfir meðaltalið á Norðurlöndunum. Miðað við lægri tekjur mega íslendingar

Tekjur ellilífeyrisþega sem hlutfall af launum verkamanns (%)

Land	Lægri tekjur	Meðal tekjur	Hærri tekjur	Lífslíkur (ár)
Danmörk	95,6	54,1	35,5	77,2
Finnland	87,3	71,5	123,1	78,5
Ísland	95,8	65,9	57,2	80,7
Noregur	85,5	65,1	50,1	79,5
Svíþjóð	90,2	68,2	74,3	80,2
Meðaltal	90,9	65,0	68,0	79,2

Heimild: OECD.

búast við hlutfallslega hæstum ellilífeyri miðað við hin Norðurlöndin eða 95,8%. Sé miðað við meðaltekjur og hærri tekjur sitja íslenskir ellilífeyrisþegar í miðjunni á meðal Norðurlandanna. Dálkurinn lengst til hægri sýnir svo lífslíkur, sem eru hæstar á Íslandi eða 80,7 ár. Tölur OECD staðfesta aðra mælikvarða frá t.d. Nordisk Socialstatistisk Komité (NOSOSCO) þar sem að íslenskir ellilífeyrisþegar koma ágætlega út í samanburði við hin Norðurlöndin.


Að lokum má benda á að mælikvarði NOSOSCO um stöðu ellilífeyrisþega, sem nýlega var birtur í vefriti fjármálaráðuneytisins, sýnir ellilífeyrisgreiðslur á hvern ellilífeyrisþega. Þær tölur eru frábrugðnar t.d. tölum Hagstofunnar sem varða ellilífeyrisgreiðslur aldraðra. Tölur Hagstofunnar sýna ellilífeyrisgreiðslur á hvern íbúa 65 ára og eldri en ekki á hvern ellilífeyrisþega eins og sumir virðast álíta. Það er mikilvægt að halda því til haga hvort verið er að fjalla um ellilífeyrisþega eða aldraða, en á Íslandi eru ekki allir 65 ára og eldri ellilífeyrisþegar. Ellilífeyrisgreiðslur á hvern íbúa 65 ára og eldri gefa því ekki rétta mynd af ellilífeyrisgreiðslum sem íslenskir ellilífeyrisþegar eru með að meðaltali.

Launa- og arðgreiðslur til eigenda einkahlutafélaga

Í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn um skattamál einkahlutafélaga og hluthafa þeirra árin 2003–2005 sem lagt var fram á Alþingi skömmu fyrir þinglok koma m.a. fram upplýsingar um laun og arðgreiðslur vegna einstaklinga sem voru í senn launþegar og hluthafar í einkahlutafélögum, byggðar á launamíðum og hlutafjármíðum sem einkahlutafélög hafa skilað til embættis ríkisskattstjóra fyrir árin 2003, 2004 og 2005.

Laun greidd einstaklingum sem jafnframt voru hluthafar námu 9,7 milljörðum króna árið 2003, 19,4 milljörðum árið 2004 og 27,9 milljörðum króna árið 2005. Arðgreiðslur til þessara einstaklinga námu á hinn bóginn 2,7 milljörðum króna árið 2003, 5,3 milljörðum árið 2004 og 9,9 milljörðum króna árið 2005. Sjá nánar [sva](#) [fjármálaráðherra](#).

Laun og arðgreiðslur til einstaklinga sem eru launþegar og hluthafar í einkahlutafélögum 2003–2005



Tekjur ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breyting (%)	2006	2007
Skatttekjur og trygg.gjöld	37,6	26,9
Skattar á tekjur og hagnað	54,3	17,8
Eignarskattar	11,2	-26,8
Skattar á vöru og þjónustu	14,2	56,2
Tryggingagjöld	15,0	15,7
Tekjur alls	37,6	25,9

Gjöld ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breyting (%)	2006	2007
Almenn opinber þjónusta	...	17,3
Heilbrigðismál	...	5,3
Alm.trygg. & velferðarmál	...	3,2
Efnahags- og atvinnumál	...	34,8
Menntamál	...	3,3
Gjöld alls	0,7	10,6

Afkoma ríkissjóðs janúar		
Milljónir króna	2006	2007
Handbært fé frá rekstri	13.926	19.787
Hreinn lánsfjárfjórnuður	12.849	-10.349
Afborgun lána	-4.049	-51
Brúttó lánsfjárfjórnuður	8.470	-10.730
Lántökur	1.532	31.861
Greiðsluafkoma	10.002	21.131

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	2006	2007
Verðbólga (mars)	4,5	5,9
Kjarnaverðbólga (mars)	4,2	6,5
Launavísitala (febrúar)	8,6	9,8
Heildarvelta (jan.-des. '06)	12,3	11,9
Smásöluvelta (jan.-des. '06)	9,0	5,5
Atv.leyisj, árst.leiðr. (febr.)	1,4	1,1